

Nd.

579. Breytingartillaga

[2. mál]

við frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögín öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.